

Reykjavík, 19. febrúar 2020

Kæri hluthafi í Marel

Nú styttest í fyrsta hluthafafundinn okkar í Marel eftir vel heppnaða skráningu í Euronext kauphöllina í Amsterdam í júní síðastliðnum. Aðalfundur verður haldinn þann 18. mars 2020 klukkan 16:00 (GMT) að Austurhrauni 9 í Garðabæ.

Með skráningunni í Euronext í Amsterdam höfum við séð mikla aukningu á fjölda hluthafa í Marel og þá sérstaklega fjölda alþjóðlegra hluthafa. Til þess að auka skilvirkni og þjónustu við hluthafa munum við gera ákveðnar breytingar á hluthafafundum, samskiptum við hluthafa og hvernig atkvæðagreiðslur fara fram, bæði fyrir hluthafa sem vilja nýta atkvæðisrétt sinn án þess að mæta á fundinn og einnig þá sem eru viðstaddir á fundinum.

Hluthafar og vörsluaðilar munu fá aðgang að hluthafa-/vefgáttum þar sem þeir geta skráð þátttöku hluthafa á hluthafafundi, greitt atkvæði rafrænt fyrir fundi og veitt umboð.

Þar sem fyrirkomulag á eignarhaldi með hlutabréf í Marel er mismunandi eftir því hvort hlutabréfin eru skráð á Nasdaq á Íslandi eða í Euronext í Amsterdam erum við með tvær mismunandi gáttir. Hluthafagátt Computershare A/S fyrir hlutabréf skráð á Nasdaq Íslandi og vefgátt ABN AMRO Bank í Hollandi fyrir hlutabréf skráð í Euronext í Amsterdam.

Við viljum vekja athygli hluthafa á því að **þeir sem eiga bæði hlutabréf í Marel skráð á Nasdaq á Íslandi og í Euronext í Amsterdam** verða að fara í gegnum báðar gáttirnar, óháð því hvort um er að ræða innlendan eða erlendan aðila, til þess að geta greitt atkvæði rafrænt fyrir fundinn og veitt umboð fyrir alla hlutafjäreign sína. Einnig viljum við benda á að allir hluthafar sem eiga hlutabréf í Marel skráð í Euronext í Amsterdam þurfa að skrá þátttöku sína á aðalfundinn fyrirfram, óháð því hvort viðkomandi hluthafi eigi einnig hlutabréf skráð á Nasdaq Íslandi. Þetta er vegna þess fyrirkomulags sem er til staðar varðandi skráningu á eignarhaldi á hlutabréfum í Marel sem eru skráð í Euronext í Amsterdam.

Hluthafar sem eiga hlutabréf í Marel skráð á Nasdaq Íslandi, eru skráðir með nafni í hlutaskrá okkar og geta farið inn í Computershare hluthafagáttina í gegnum vefsíðuna, www.marel.com/investors/shareholder-center. Notendanöfn og lykilorð eru send öllum hluthöfum sem eru með heimilisfang skráð í hlutaskrá félagsins þann 19. febrúar 2020. Hluthafar geta einnig óskað eftir notandanafni og lykilorði í hluthafagáttinni sjálfri. Við hvetjum hluthafa til að prófa aðgangsauðkenni sín í hluthafagáttinni og/eða sækja um aðgangsauðkenni eins fljótt og auðið er, þar sem aðgangsauðkenni eru eingöngu send með hefðbundnum pósti og geta tekið allt að 5 daga að skila sér til hluthafa. Við viljum einnig hvetja hluthafa til að skrá þátttöku sína á aðalfundinn í hluthafagáttinni sem getur fyllt fyrir aðgangsskráningu á fundinum sjálfum.

Hlutabréf í Marel sem eru skráð í Euronext í Amsterdam eru skráð í hlutaskrá okkar á vörslureikning í nafni ABN AMRO fyrir hönd Euroclear Nederland, og eru í samræmi við hollensk lög í endanlegri eigu allra hluthafa vörslureikningsins í réttu hlutfalli við hlutafjäreign hvers og eins. Vörsluaðilar geta skráð sig inn í vefgáttina fyrir hönd viðskiptavina sinna í gegnum slóðina www.abnamro.com/intermediary. Hluthafar geta skráð sig inn í vefgáttina í gegnum slóðina www.abnamro.com/evoting. Við viljum hvetja hluthafa til að hafa samband við vörsluaðila sinn með góðum fyrirvara fyrir fundinn til að vera þess fullviss að viðkomandi vörsluaðili hafi ekki sett sérstök og strangari tímamörk varðandi rafræna atkvæðagreiðslu fyrir fundinn eða vegna skráningar á fundinn.

Á fundinum sjálfum fer kosning fram með snjallsímum eða spjaldtölvum í gegnum Lumi AGM snjallforritið og Lumi AGM veflausnina. Við viljum benda hluthöfum og eftir atvikum umboðsmönnum þeirra sem hyggjast mæta og greiða atkvæði á fundinum að vera búnir að hlaða niður Lumi AGM snjallforritinu fyrir fundinn. Snjallforritið má nálgast í iOS App Store eða í Google Play Store með því að leita og hlaða niður "LUMI AGM". Fyrir þá sem ekki vilja hlaða snjallforritinu niður á snjalltæki sitt er einnig mögulegt að nota Lumi AGM veflausnina, sem er á slóðinni web.lumiagm.com. Við munum veita

hluthöfum tæknilega aðstoð bæði fyrir fundinn og meðan á honum stendur, auk þess að vera með snjalltæki á staðnum fyrir þá sem ekki geta notað eigin tæki.

Við viljum vekja athygli hluthafa á því að stjórn félagsins hefur lagt fram tillögu um greiðslu arðs. Ísland hefur gert tvísköttunarsamninga við önnur ríki sem geta veitt hluthöfum undanþágu frá skatti eða rétt á lægra skatthlutfalli. Þar sem það getur tekið íslensk skattayfirvöld tíma að afla nauðsynlegra gagna vegna umsókna þessu tengdu og afgreiðsla umsókna getur verið tímafrek, viljum við hvetja hluthafa sem þetta getur átt við að hefja umsóknarferlið eins fljótt og auðið er og leita sér viðeigandi skattaráðgjafar.

Skjöl og nánari upplýsingar um aðalfundinn má finna á aðalfundarsíðu Marel, www.marel.com/agm.

Vonumst til að sjá sem flesta hluthafa á aðalfundinum.

Fyrir hönd stjórnar Marel,

Ásthildur Otharsdóttir,
Stjórnarformaður Marel